

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna (þskj. 45).

Frá minni hluta samvinnunefndar vatnamála.

Jeg hefi ekki getað fylgt hv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu frv. þessa og tel það ófyrirsynju fram komið.

Frv. var að upphafi fram borið af meiri hluta millipinganefndar fossamála 1919, en er nú af stjórninni flutt.

Ýmsir líta svo á, að með því sje stigið þýðingarmikið fótínál til ríkisvirkjunar á Soginu og járnbrautarsambandi milli Reykjavíkur og sveitanna austan fjalls. Jeg tel fótínálið stutt og misstigið. Kannast jeg þó við, að æskilegt sje hvorttveggja, vatnsvirkjunin og járnbrautarsambandið. En jeg tel engar líkur eða jafnvel tók á að koma stórvirkjum þessum í framkvæmd á næstu árum, vegna óhægrar fjárhagsaðstöðu, og auk þess verður hjer á fleira að líta.

Engum blöðum er um það að fletta, að með samþykkt frv. er að nokkru ruddur vegur fyrir fossafjelagið Ísland að virkjun Sogsfossanna. Það telur sig eiga þar ráð á miklum vatnsrjettindum og hefir lagt kapp á að komast að notkun þeirra með hlunnindakjörum, en það hefir til þessa strandað á annari stefnu Alþingis. Afskifti Alþingis af Sogsfossamálinu 1917 og 1919 benda til þess, að annað hafi vakað fyrir því en að leyfa útlendingum virkjun Sogsins. Um þetta sker úr þingsályktun frá 26. sept. 1919, »um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi«. Þingsályktunartillaga þessi felur stjórninni fyrst og fremst að gera ráðstafanir til þess, að ríkið nái sem fljótast eignarumráðum yfir Soginu, en jafnframt »að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna«, og heimilar fje til þess eftir þörfum.

Það verður eigi á því vilst, að Alþingi 1919 vildi láta ríkið komast að vatnsrjettindum í Sogi, vegna fyrirhugaðrar ríkisvirkjunar, og sæta fyrsta færi um eignarumráðin, þótt dráttur yrði á virkjun.

Rjett er að geta þess, að nokkrir af aðstandendum þessa frv. 1919 og nú hafa verið mjög hlyntir fossafjelinu Íslandi, jafnvel verið því nákomnir eða í stjórn þess. Frv. sjálf gefur líka bendingu um þetta, sbr. orðin í 3. gr.: . . . »og endurgreiðist (v: rannsóknarkostnaður) landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar«.

Þær umfangsmiklu rannsóknir, mælingar, uppdrættir og áætlanir, sem frv. gerir ráð fyrir, kosta að sjálfsgöðu ærið fje, ekki síst ef útlenda sjerfræðinga (sem fjelagið þekti) ætti að nota, eins og 2. gr. frv. bendir til. Þau fjárútlát, sem ríkinu væri þannig bökuð og sem það sin vegna eigi þarf að hafa næstu árin, nema þá að litlu leyti, mundi þá mega tryggja því endurgreiðd að einhverju leyti af fossafjelinu, jafnframt og ósk þess um sjerleyfi til vatnsvirkjunar yrði veitt, en þær krókaleiðir að sjerleyfisveitingu tel jeg óþarfar.

Rannsóknarheimildin til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna er, eins og fyr segir, veitt með þingsályktun frá 1919 og er alls eigi tímabundin, og hún lýtur að ríkisvirkjun. En aðalatriði hennar er þó að gera ráðstafanir til þess, að ríkið nái sem fljótast eignarumráðum yfir Soginu, og þeirri ráðstöfun er enn skamt á veg komið. Kunnugt er þó, að fossafjelag það, sem hjer á hlut að máli og telur sig eiga mikil vatnsrjettindi hjer á landi, gerir þau fól fyrir verð, sem nálgast mun sannvirði, ef miðað er við kostnað þess af kaupum og leigu vatnanna.

Virðist mjer sem nær liggi nú að rannsaka þessi kjör og framfylgja þingsályktuninni, annað hvort með frjálsum samningi, ef kjörin virðast aðgengileg, eða lögnámi, ef það horfir betur.

Þessi vatnsrjettindi munu fremur stíga í verði en falla, og er því eigi eftir betra að biða, en rannsókn sú, sem frv. ráðgerir, er eigi til þess fallin að útvega betri kjör, og mundi, fremur en hitt, leiða í ljós verðmæti og kosti Sogsins.

Að fengnum rjettindum fjelagsins mundi ríkið ráða yfir ýmsum allra bestu fallvötnum landsins og rjettur þess vera óvefengjanlegur. Gæti það þá haft vatnsvirkjanirnar í hendi sjer, hvort heldur væri eitt eða í fjelagi við aðra, sem það þó aldrei veitti yfirtökin.

Samþykkt þessa frumv. nú mundi fremur spilla aðstöðuþægindum til þessara framkvæmda en bæta þau, og er auk þess eigi tímabær fyrir ríkisvirkjun að sinni.

Jeg tel því frv. þetta eiga að biða þess, að framkvæmdir verði á þingsályktun frá 26. sept. 1919, en koma þá fram í annari og betri mynd. Fyrir því legg jeg til, að frv. verði afgreitt með svo látandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heimild sú fyrir stjórnina til rannsókna og mælinga vegna virkjunar á Sogsfossunum, sem felst í frumvarpi þessu, er þegar gefin með þingsályktunartillögu frá 26. sept. 1919, og með því enn fremur, að engar líkur eru fyrir framkvæmdum af hendi ríkisins að sinni um vatnsvirkjagerð eða járnbrautarlagningu, telur deildin lögfestingu frumvarpsins eigi aðkallandi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1921.

Sveinn Ólafsson.